

## Afréttarmálefni og fjallskil

Fyrir sum sveitarfélögin í A-Hún skipta afréttarmál og fjallskil miklu máli. Á þeim fundum sem fulltrúar Ráðrík héldu á svæðinu kom glögglega í ljós mikilvægi málefnisins. Nokkur munur er á hvernig þessum málum er fyrirkomið.

### **Í sveitarfélögunum í A-Hún er afréttarmálefnum og fjallskilum þannig háttað:**

#### Í Húnavatnshreppi:

- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á heiðargirðingum undanskildum þeim sem Auðkúluheiði ehf. og Eyvindarstaðarheiði ehf. sinna. Sveitarfélagið ræður verktaka ár hvert til að sinna girðingaviðhaldi.
- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á skilaréttum innan sveitarfélagsins, Stafnsrétt, Rugludalsrétt, Hlíðarrétt, Hrafnabjargarétt, Auðkúlurétt, Beinakeldurétt, Sveinsstaðarétt og Undirfellsrétt.
- Sveitarfélagið leigir land undir réttir og geymsluhólf um allt sveitarfélag.
- **Sveitarfélaginu er skipt í þrjár fjallskiladeildir:**
  - Fjallskiladeild Auðkúluheiðar:
    - Torfalækjar- og Svínavatnshreppar hinum fornu.
  - Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða:
    - Ás- og Sveinsstaðahreppar hinum fornu.
  - Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps:
    - Bólstaðarhlíðarhreppur hinn forni.
- Sveitarfélagið sér um allan kostnað við fjallskilastjórnir.
- Sveitarfélagið sér um viðhald á hesthúsum og gangnamannaskálum á Auðkúluheiði og Grímstungu-Haukagilsheiðum.
- Sveitarfélagið sér um viðhald á hesthúsum og gangnamannaskálum á Eyvindarstaðarheiði í samstarfi við Sveitarfélagið Skagafjörð (5/17).

#### Í sveitarfélaginu Skagaströnd:

- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á Fellsrétt.
- Sveitarfélagið er með samning við Skagabyggð um göngur og réttir og hefur sérstaka gjaldskrá fyrir fjallskil.
- Sveitarfélagið sér um viðhald varnargirðingar ofan við Þjóðveg.

#### Í Blönduósbæ:

- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á afréttargirðingum. Sveitarfélagið ræður verktaka ár hvert til að sinna girðingaviðhaldi.

- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á skilarétt innan sveitarfélagsins sem er sameign Blönduósbæjar(57%) og Skagabyggðar(43%).
- Sveitarfélaginu er skipt í eina fjallskiladeild.
- Landbúnaðarnefnd sér um yfirstjórn fjallskila innan sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

### Í Skagabyggð:

- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á hreppagirðingu á milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar og sér um að ráða verktaka. Sveitarfélögin skipta kostnaði til helminga.
- Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á réttum og aðrekstrar girðingum innan sveitarfélagsins, Fossárrétt og Kjalarlandsrétt, einnig eru Blönduósbær og Skagabyggð með samning sín á milli um viðhald og rekstur á Skrapatungurétt og tengdum mannvirkjum. Hluttur Skagabyggðar í kostnaði er 42,86%
- Sveitarfélagið leigir land undir réttir og geymsluhólf um allt sveitarfélag.
- **Sveitarfélaginu er skipt í tvær fjallskiladeildir:**
  - Fjallskiladeild Vindhælishrepps
    - Vindhælishreppur hinn forni
  - Fjallskiladeild Skagamanna
    - Skagahreppur hinn forni
  - Einnig sér Skagabyggð um smölun fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd samkvæmt samningi þar um.
- Sveitarfélagið sér um allan kostnað við fjallskilastjórnir.

Lögin segja það svo hreint út að ef sveitarfélög eru sameinuð þá skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan, sjá hér að neðan:

### Í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl segir svo í 1. og 2. gr:

[Hvert sveitarfélag er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir. Ef þörf er á eða hentugt þykir vegna skipulags leita eða annarra atriða sem mælt er fyrir um í lögum þessum skal fjallskilaumdæmi þó taka til fleiri sveitarfélaga.] <sup>1)</sup>

... <sup>1)</sup>

[Nú eru sveitarfélög sameinuð og skulu þá umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið.] <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 138/2011, 134. gr.](#) <sup>2)</sup>[L. 25/1994, 1. gr.](#)

## ■2. gr.

[Sveitarstjórn telst vera stjórn fjallskilaumdæmis samkvæmt lögum þessum nema fleiri sveitarfélög myndi saman fjallskilaumdæmi. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu viðkomandi sveitarstjórnir setja umdæminu sérstaka samþykkt þar sem kveðið skal á um skipan í sérstaka stjórn þess. Hver sveitarstjórn skal skipa a.m.k. einn fulltrúa í stjórnina. Þeir skulu þó aldrei færri en þrír.

Stjórn fjallskilaumdæmis fer með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála samkvæmt lögum þessum í viðkomandi umdæmi. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af stjórn fjallskilaumdæmis.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 138/2011, 134. gr.](#)

Eins og hér kemur fram segja lögin að ef sveitarfélög eru sameinuð þá skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan, nema um annað sé samið.